


Gunnar R. Bjarnason með eitt verka sinna.

Mosi og birtuskil

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það sem einna mest er áberandi í vinnubrögðum íslenzkra myndlistarmanna er, að fjölbreytnin er stöðugt að aukast.

Sumir koma frma með alveg ný vinnubrögð, en aðrir eins og stokka upp þau eldri, þannig að útkoman verður eins og nýtt vín í gömlum belgjum.

Það síðasttalda datt mér einmitt í hug, er ég leit hina vönduðu sýningu *Gunnars R. Bjarnasonar* í Hafnarborg, menningarmiðstöð þeirra Gaflara á dögunum. Gunnar er annars betur þekktur sem leikmyndahönnuður og hefur á löngum starfsferli sem slíkur og með myndlsitariðkun í hjáverkum, einungis haldið tvær myndverkasýningar áður.

Vinnubrögðin eru vissulega óvenju fersk og vönduð, og sem slík eiga þau rétt á sér, í hvaða formi sem þau birtast í myndlistinni, því að baki þeirra leynist jafnan ekta sköpunargleði. Það má þannig greinilega merkja þá ánægju, sem Gunnar hefur af miðli sínum, sem að þessu sinni er olíupastel á pappír. Hann reynir að fanga lit- og ljósbrigðin í náttúrunni á ýmsa vegu, og á stundum skiptir hann myndheildinni með ljósri eða dökkri ræmu, sem gengur í gegnum myndflötinn og minnir það dálítið á vinnubrögð Sverris Haraldssonar í eina tíð, en aðferðin var þó engin heimatilbúin uppfinning hans. Við það öðlast flöturinn iðulega meiri dýpt, magnaðri birtuskil og fleiri víddir og vísa ég hér t.d. á myndirnar þrjár frá Þingvöllum (22, 30 og 34) og „Úr Heiðmörk“ (39), en myndirnar hanga hlið við hlið. Einnig sér þessa stað í nokkrum húsamyndum, sem eru færðar í stílinn.

En Gunnar gerir þetta á sinn eigin hátt, og því persónulegri sem tök hans verða á myndefninu þeim mun meiri árangri nær hann.

En hápunktur sýningarinnar þykir mér vera nokkrar hreinar og tærar myndir þar sem mosatilbrigði koma mikið við sögu, og þar sem fyrrnefndra vinnubragða sér ekki stað, svo sem „Úr Kapelluhrauni“ (14), „Úr Heiðmörk“ (28), „Frá Þingvöllum“ (48) og fleiri myndir í slíkum dúr. Hér þykir mér eiginlega fjári vel staðið að verki í gerð slíkra mynda og óvenjulegt að sjá jafn fersk og lifandi vinnubrögð af gamla skólanum í íslenzkri landslagsmyndagerð. Slík hrein, bein og heilsteypt vinnubrögð kann ég mun betur að meta en allan bægslagang og tæknibrellur.

Það var og óvenju létt yfir listrýninum, er hann hélt á brott.

Formrænn stígandi

Það er ótvírætt eitthvað að gerjast í myndum Erlu Þórarinsdóttur, sem hefur fyllt eystri sal Kjarvalsstaða af nýjum málverkum og stendur sýningin til 1. október.

Á fyrri einkasýningu og samsýningum einkenndust myndir hennar öðru fremur af órólegum formum og táknum, en nú eru það hin traustu *frumform og myndbyggingarlögmálin*, sem eiga hug hennar öðru fremur ásamt stígandi litarins.

Það er einmitt meðferðs litarins, — þanþol hans og stígandi, sem athygli vekur á þessari sýningu og gerir hana nokkuð óvenjulega í sýningarflóru haustsins. Einkum vegna þess, að slík yfirveguð og hnitmiðuð vinnubrögð eru að verða nokkuð fágæt meðal listamanna af yngri kynslóð sem hafa margir gefið sig á vald augnablikshrifa eða mjög fábreytts litastiga.

En Erla er þó ekki á leið aftur í tímann né að gerast íhaldssöm, því að vel er ég þess meðvitandi, að strangflatalistin er komin til vegs aftur í listheiminum sem virk núlist og endurmat hefur um leið átt sér stað á ýmsum fulltrúum listastefnunnar og verð verka þeirra margfaldast. Og hér er tækifærið að koma þeim sannindum enn einu sinni á framfæri, að helstu fulltrúar stefnunnar lögðu ekki árar í bát, þótt á móti blési, heldur unnu áfram að list sinni, þótt ekki þættu þeir í fararbroddi lengur. Í einu virtasta listhúsi Parísarborgar, Gallery Gilbert Brownstone, mátti sjá í sumar mikla sýningu á verkum Gottfried Honegger, sem í áratugi hefur þróað einfalt myndmál sitt jafnt í tvívídd sem þrívídd og uppsker nú ríkulega. Og



Erla Þórarinsdóttir

eitt gott verk eftir frumkvöðulinn Auguste Herbin fer á tugmilljónir króna á uppboðum.

Það er þannig mesta gæfa listamanns að geta unnið að listrænum rannsóknum sínum í friði og ró, óháður listamarkaðnum og sveiflum hans. Góð list verður svo alltaf verðmæt, þegar fram líða stundir, hvernig sem á málin er litið, — en keppikefli listamannsins er þó jafnan fyrst og síðast árangurinn sjálfur.

Ekki væri allskostar rétt að telja Erlu á leið til hreinnar strangflatalistar, því að það er svo margt fleira, sem henni liggur á hjarta, og hér er það áferð, styrkur og þanþol litarins, *sem miklu hlutverki gegna* svo og skírskotun til hins dularfulla og skynræna.

Á sýningunni eru nokkur verk er skera sig úr og þar sem þessir eiginleikar listamannsins koma einna skýrast fram, nefni ég hér nr. 7 „Hraunvatn“, „Þórsmörk“ (8) og „Gígur“ (13). Og í myndaröðinni „Farangur“ einkennir kraftur og dulúð myndir eins og „Næturvagn“ (21), „Huliðshjálmur“ (43), „Verndari“ (44) og „Hughjálmur“ (51). Sömu eiginleikar prýða og myndina frammi í gangi, sem er utan skrár.

Augljóst er af þessari sýningu að Erla Þórarinsdóttir er mjög að sækja í sig veðrið.

Togstreita

Í Ásmundarsal heldur *Björg Sveinsdóttir* sína fyrstu sjálfstæðu sýningu. Björg er líffræðingur að mennt, jafnframt því sem hún lauk prófi úr málunardeild MHÍ vorið 1987.

Á sýningunni eru 17 olíumálverk af ýmsum stærðum, sem öll eru máluð á síðustu tveim árum. Henni lýkur 1. október.

Það sem er mest áberandi við þessa sýningu, er hve mjög hún skiptist í tvö horn, jafnvel þannig að líkast er sem um tvo heima sé að ræða eða tvo ólíka listamenn og skapar þetta vissa togstreitu á sýningunni. Á stundum er eins og um byrjanda sé að ræða, sem hefur orðið hugfanginn af fjarrænni hugmyndafræði, — fram koma súlnahof, hallir og upphafin sólardýrð, en svo hins vegar eru það myndir, sem minna ber á í fyrstu, en skera sig úr eftir nánari skoðun, jafnvel svo, að hin fyrirferðarmeiri eins og hverfa í bakgrunninn. Eru það málverk þar sem hið hreint myndræna ræður ferðinni og hinar fjarrænu hugmyndir láta í minni pokann í hita átakanna við efniviðinn á milli handanna. Hér nær Björg með sanni mun betri tökum a´miðli sínum enda virðast eðlisbundnir hæfileikar hennar liggja nær slíkum vinnubrögðum.

Ekki er ég hér að agnúast út í hið hugmyndafræðilega að baki myndanna í sjálfu sér, heldur einungis sjálfa útfærslu myndanna, sem fer um margt úrskeiðis í þessu tilfelli við slíkar hliðarvangaveltur. Sjálf frásögnin vill þá yfirgnæfa

Bjórgeit og sverðskrímsl

Það vantar hvorki unggæðingsháttinn né sprellið í myndverk Gústavs Geirs Bollasonar, sem fram að næstu helgi kynnir nær fjóra tugi verka sinna í Listasafni ASÍ.

Gústav Geir er nýútskrifaður úr MHÍ og sýnir hér m.a. ýmis sjálfstæð hugverk frá vinnu sinni innan veggja skólans.

Sjálfstæð að því marki, að í þeim eru lítil sem engin merkjanleg áhrif frá kennurum, en hins vegar kennir ýmissa grasa úr heimslistinni, sem og eðlilegt má teljast.

Yfirgnæfandi meirihluti myndanna er unninn á þessu ári, en fáeinar myndir eru frá síðustu tveim árum, þekki ég m.a. nokkrar frá lokaverkefni skólans nú í vor.

Auðlesið er af myndunum, að höfundurinn vill fara sínar eigin leiðir í útfærslu mynda sinna, og á það bæði við um val myndefna og vinnubrögð. Hann er hugmyndaríkur, og til að fá útrás fyrir hugmyndir sínar stokkar hann iðulega upp vinnubrögðin eða hrærir þeim saman, þannig að útkoman verður blönduð tækni og jafnvel málaðar lágmyndir.

Það er gaman að fylgja Gústavi Geir í þessari leit hans að fótfestu, sem á stundum fleytir honum furðulangt og hlýtur að sannfæra hvern athugulan skoðanda, að hér *sé drjúgur hæfileikamaður á ferð.*

— Það er einhver skondinn og kíminn undirtónn, sem gengur eins og rauður þráður um sýninguna alla, og kemur einnig fram í nafngiftum myndanna. Það góða við þennan undirtón er, að hann á sér ýmis blæbrigði og lífgar upp ´stundum dökkar og drungalegar myndheildir svo sem í myndunum „Bjórgeit“ (7) og „Litli og stóri“ (8), en báðar eru þessar myndir með því eftirtektarverðasta á sýningunni.

Gústav Geir færist oft mikið í fang, myndir hans eru stórar og stundum er eins og þær beri svip af minnismerkjum, séu „monumental“, líkt og það heitir á fagmáli.

Það má vel vera að þessi sýning hins unga listamanns boði ný viðhorf og sé angi af kynslóðaskiptum í íslenzkri myndlist, en hér skal engu spáð, einungis minnt á, að hæfileika þarf að þroska.



Gústaf Bollason heldur sína fyrstu einkasýningu í Listasafni ASÍ.

Nokkur orð um útvarpsþátt

eftir Jón Óskar

Nú líður að því að farið verði að ákveða vetrardagskrá Ríkisútvarpsins. Þá hvarflar hugur minn til rithöfundar norður í landi, höfundar sem um árabil hafði fastan þátt í útvarpinu og flutti mál sitt á góðri íslensku sem mér hefur skilist að forráðamenn þjóðarinnar vilji nú fara að hafa sérstaklega í heiðri, eftir að ljóst er orðið hversu íslensk tunga hefur mengast erlendum áhrifum og brenglast á síðustu árum, en fyrrnefndur höfundur var látinn hætta við þátt sinn fyrir nokkrum árum, eins og stjórnendur hefðu ekki enn áttað sig á því að betra væri að halda í slíka menn sem væru útvarpinu til sóma í meðferð tungunnar.

Þessi maður er Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli, smásagnahöfundur, kíminn og skemmtilegur. Útvarpsþáttur hans, **Mér eru fornu minnin kær,** var svo vinsæll á sinni tíð að samkvæmt skoðanakönnun var fátt í útvarpinu sem meira var hlustað á fyrir utan fréttir. En svo undarlega vildi til, að þegar þetta hafði verið upplýst var þátturinn lagður niður, eins og það væri sérstök óhæfa að vera með þátt sem var í senn menningarlegur og skemmtilegur og þannig, að fjöldinn hlustaði á hann. Forráðamenn útvarpsins hafa sjálfsagt gert þetta í einhverju hugsunarleysi, en ekki af því að Reykvíkingar geti ekki þolað að utanbæjarmaður sé vinsæll í útvarpinu. Mér sýnist kominn tími til að bæta fyrir umrædd mistök og ráða aftur þann mann sem kunni að gera svo ágæta dagskrá, en það sem einkenndi Einar var hve fundvís hann var á efni úr sögu þjóðarinnar og hve laginn hann var að fjalla um það í þeim kímniblandna stíl sem er hans og einskis nema hans. Ef menn vilja loks fara að huga betur að meðferð íslenskunnar, hvar á þá að byrja, ef ekki í útvarpinu, og hvernig á að bæta um betur ef ekki með því að nýta þá sem vinsælir hafa orðið í útvarpinu og kunna íslenska tungu nægilega vel til að rugla ekki hugtökum og orðatiltækjum eins og sífellt algengara er orðið nú á tímum í útvarpinu gamla og góða, hvað þá hinum nýrri og verri? Þá hafði Einar jafnan með sér góða upplesara og skýrmælta sem að sjálfsögðu áttu sinn hlut að því hve mikið var hlustað á þáttinn.



Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli.

„Ég held að ýmsir muni sakna þessa þáttar sem alltaf var hægt að hlusta á sér til ánægju og fróðleiks.“

Ég held að ýmsir muni sakna þessa þáttar sem alltaf var hægt að hlusta á sér til ánægju og fróðleiks — gildir einu þótt aðrir hafi síðan reynt að feta í fótspor Einars frá Hermundarfelli og búa til þætti með efni úr fortíðinni, þeir hafa stundum tekist vel, aðrir miður, en þáttur Einars var sérstakur og reyndist ná svo vel til fólksins í landinu að sjálfsagt hefði átt að vera að leyfa honum að lifa. Ég legg til, að hann verði tekinn upp aftur.

Höfundur er rithöfundur.